

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Ísafirði 15. mars 2018

Efni: Umsögn Fjölmenningarseturs um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppbótar til framfærslu) – Þingskjal 39 – 39. mál.

Til umsagnar er frumvarp sem hefur veruleg áhrif á aðstæður og rétt lífeyrisþega en eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu þá er stuðlað að minni skerðingu fyrir lífeyrisþega með því að fella úr gildi sérstaka uppbót á framfærslu og færa hámarksfjárhæð hennar inn í ákvæði um tekjutryggingu. Fjölmenningarsetur kemur að ýmsum málum og þar á meðal þeim sem snúa að réttindum þeirra lífeyrisþega, (endurhæfinga-, örorku og ellilífeyrisþega) sem eru með búsetuskertar lífeyrisgreiðslur en það eru að stæðstum hluta innflytjendur sem hafa búið eða dvalið hér á landi í skemmri tíma en 40 ár.

Fjölmenningarsetur tekur undir með Öryrkjabandalagi Íslands í sinni umsögn að það sé mikilvægt að frumvarpið um afnám“krónu á móti krónu „ verði að lögum. Með því sé m.a verið að bæta hag þeirra sem verst eru settir og eiga í mestri hættu að lenda í fátæktargildru, aldurstengd örorkuuppbót myndi ná þeim tilgangi að koma til móts við einstaklinga sem ekki ná að safna réttindum í lífeyrissjóð, ýmsar greiðslur s.s bætur, styrkir eða laun muni raunverulega bæta stöðu fólks og að þetta verði til þess að það sé hvetjandi þegar kemur að atvinnuþáttöku. Eins og núgildandi lög og reglur virka getur einstaklingur með skerta starfsgetu verið í þeirri stöðu að hafa engan fjárhagslegan ávinning af tekjum sínum og jafnvel í raun verið að borga með sér. Einnig er tekið undir með Öryrkjabandalagi Íslands að innleiðing starfsgetumats og endurskoðun almannatryggingakerfisins sé óháð afnámi „krónu á móti krónu“ skerðingu og mikilvægt að horft sé til þess að slíkt sé ekki skilyrði eða hafi áhrif á að hægt sé að framkvæma þessar breytingar strax. Einnig er mikilvægt að benda á að gerðar voru breytingar á réttindum ellilífeyrisþega í byrjun árs 2017 þegar umrædd skerðing var afnumin með lögum en skerðingin hefur m.a þau áhrif að einstaklingur með örorkulífeyrigræiðslur getur verið með töluvert lægri heildartekjur en sá sem náð hefur 67 ára aldri.

Það er eitt af hlutverkum Fjölmenningarseturs samkvæmt lögum að koma á framfæri til stjórnvalda ábendingum og tillögum um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna. Það hefur komið í ljós að sá hópur sem er í viðkvæmri stöðu og hefur litla möguleika á að bæta hag sinn eru innflytjendur sem eru með búsetuskertar lífeyrisgreiðslur. Vegna þessa þarf að finna allar leiðir til að þessi hópur þurfi ekki að vera í þeirri stöðu að þurfa að reiða sig á heildartekjur sem eru langt undir

öllum viðmiðunum, þar með talið framfærsluviðmiðum skv. lögum um félagslega aðstoð. Í þessu samhengi má einnig taka undir það sem fram kemur í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands að það fyrirkomulag sem felst í þessu skerðingarákvæði, króna á móti krónu, sé ekki til þess fallið að tryggja einstaklingum þau réttindi sem þau hafa samkvæmt Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt.

Mikilvægt er við afgreiðslu frumvarpsins að hugað sé sérstaklega að þessum hópi og að lagabreytingar verði ekki til þess að greiðslur lækki enn frekar og að reynt verði að bæta stöðu þeirra.

Fjölmenningarsetur gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir með að það verði að lögum.

Virðingarfyllt

f.h Fjölmenningarseturs



Hrefna R Magnúsdóttir

verkefnastjóri